

Flutningar og afkoma Eimskips 1988:

Hagnaður aðeins 0.2% af tekjum

Á síðastliðnu ári var hagnaður af rekstri Eimskipafélagsins níu milljónir króna, sem er einungis 0.2% af heildartekjum félagsins.

Í tilkynningu frá félaginu segir um hagnaðinn á síðasta ári að þessi afkoma sé óviðunandi, miðað við rekstrarumsvif félagsins, og að rekstur þess hafi verið þungur á síðari hluta ársins og svo sé enn.

Rekstrartekjur á árinu 1988 námu rúmum 4.8 milljörðum króna en voru árið áður rúmum 4.4 milljarðar. Hækkun tekna á milli þessara ára er því 9.2%. Miðað við byggingarvísi-

tölu lækkuðu tekjur félagsins að raunvirði um 8%. Eigið fé félagsins var 2.123 milljónir króna í árslok 1988 og eiginfjárlutfall 37%.

Árið 1988 voru heildarflutningar Eimskips 908 þúsund tonn en það er svipað magn og árið á undan. Nokkur aukning var á útflutningi en minnkun í innflutningi. Síðan 1984 hafa heildarflutningar félagsins aukist um 33%.

Eimskip er með 17 skip í föstum rekstri. Tíu skip eru í eigu félagsins, fimm á þurrleigu með íslenskum áhöfnum og tvö á tímaleigu með erlendum áhöfnum. Þess má einnig geta að starfsmenn félagsins eru nú um átta hundruð.

Aðalfundur Eimskips verður haldinn að Hótel Sögu 16. mars n.k. og verður þá lögð fram ársskýrsla félagsins fyrir árið 1988 og gerð nánari grein fyrir rekstri þess og framtíðarverkefnum. **SSH**



Úr leikritinu Nashyrningarnir eftir Ionesco sem leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð frumsýndi sl. laugardag.

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð:

Nashyrningarnir

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð frumsýndi á laugardaginn Nashyrningana eftir Eugéne Ionesco.

Leikritið skrifað Ionesco árið 1958. Það er sagt endurspeglar tilfinningar höfundarins þegar hann yfirgaf Rúmeníu tuttugu árum fyrr eftir að hafa horft upp á fleiri og fleiri vini sína ganga til liðs við fasistahreyfinguna.

Söguþráðurinn er á þá leið að aðalpersónan, Berenger er ástfanginn af vinnufélaga sínum Daisy en frökenin er þó ekki alveg tilkippileg. Einn góðan veðurdag verða þau vitni að því að einn eða kannski tveir nashyrningar æða um aðalgötu bæjarins. Eftir því sem á liður taka fleiri og fleiri bæjarbúar torkennilegan sjúkdóm sem lýsir sér í umbreytingu þeirra í nashyrninga.

Verkið fjallar um stökkbreytingu andans og hamskipti venjulegs fólks. Bæði út frá tilgangssleysi andstöðunnar með háði sem beinist að einstaklingnum sem berst

fyrir hugsjónum og dyggðum og ekki síður út frá fánleika þeirra sem sljóir fylgja straumnum gagnrýnislaust.

Andrés Sigurvinsson leikstýrir verkinu. Hilmar Örn Hilmarsson hefur samið tónlistina, Rósa G. Snædal hannað búninga, leikmyndahönnuður er Magnús Loftsson, Árni Kristjánsson sér um hárgreiðsluna og förðunin er í höndum Völu Tölu.

Auglýstar eru sjö sýningar en Sigurður Pálsson, sem leikur Berenger sagði Tímanum að ef næg aðsókn fengist kæmi til greina að þeim yrði fjölgað. Hann sagði þetta vera mjög viðamikil verk. „Þetta hefur þó allt gengið vel og sýningin er að smella saman, alveg á síðustu stundu, eins og vera ber.“

Að sögn annars leikara taka þau á verkinu, ekki aðeins út frá umbreytingu manneskjunnar í nas- (ista?)hyrninga, heldur einnig út frá svipuðum umbreytingum sem verða og hafa orðið á manningum í tímanna rás. **jkb**



Hluti SÚM-hópsins. F.v. Gylfi Gíslason, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Gíslason, Kristján Guðmundsson og Hreinn Friðfinnsson. Á milli þeirra stendur mynd Kristjáns Guðmundssonar.

Tímamynd:Árni Bjarna.

Yfirlitssýning á verkum SÚM

Yfirlitssýning á verkum SÚM hópsins var opnuð að Kjarvalsstöðum fyrir skömmu.

Þar eru sýnd um hundrað listaverk eftir fimmtán listamenn. Í SÚM-hópnum eru nokkrir listamenn sem tóku sig saman um miðjan 7. áratuginn og gerðu uppreisn á listasviðinu.

SÚM-arar rufu hefðina og bryddu upp á ýmsum nýjungum í listsköpun sem voru ekki að öllu leyti vel séðar. Margir áhorfendur áttu erfitt með að njóta verkanna út frá eigin hefðbundnum menningarlegum og fagurfræðilegum forsendum einmitt vegna þess hve verkin voru óhefðbundin.

SÚM var ekki hugsað sem listhreyfing eða skóli heldur hópur listamanna með innbyrðis ólíkar skoðanir og listhugmyndir. Hið eina sem virtist sameina þá var andstaðan við hinn þrönga, opinberlega viðurkennda stakk sem myndlistinni var sniðinn. Þeir leituðu eftir nýjum leiðum og nýttu sér í þeim tilgangi hinar ýmsu stefnur hvort sem þær kölluðust ný-dadaismi, konsept, Fluxus, pólitísk listsköpun eða eitthvað annað.

Hópurinn gerði sér grein fyrir því að hefðbundið form myndlistarinnar var úr sér gengið. Einkum vegna tilkomu fjölmiðlanna og aukins framboðs myndefnis af öðru tagi. Þeir reyndu þess vegna til dæmis að þurrka út mörkin milli listgreina eins og ljóð- og myndlistar og fleira.

Hreyfilist og gjörningar, listform sem varð sífellt vinsælla á þessum tíma víðar um heim varð einnig áberandi í listsköpun SÚM-ara. Margar sýningar voru haldnar á vegum hópsins, bæði einka- og sam-

sýningar. Þar sem bæði sýndu innlendir og erlendir einstaklingar.

Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru Arnar Herbertsson, Gylfi Gíslason, Haukur Dór, Hildur Hákonardóttir, Hreinn Friðfinnsson, Jón Gunnar Arnason, Kristján Guðmundsson, Magnús Tómasson, Ólafur Gíslason, Róska, Sigurður Guðmundsson, Sigurjón Jóhannesson, Tryggvi Ólafsson, Vilhjálmur Bergsson og Þórður Ben Sveinsson. Sýningunni lýkur níunda apríl. **jkb**

Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður:

MENNINGARRÁÐGJÖF TIL LANDSHLUTANNA

Valgerður Sverrisdóttir þingmaður hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um að komið verði á fót starfi menningarráðgjafa í hverjum landshluta. Í frumvarpi um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er gert ráð fyrir að félagsheimilissjóður falli niður. Hugmyndin um menningarráðgjafa er hugsuð sem svar við því.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að í öllum sveitarfélögum á

landinu eigi sér stað menningarstarfsemi á einhverju sviði og virkust sé þátttaka almennings í kórnum og leikfélögum. Á allra síðustu árum hafi þóunin verið í þá veru að æ fleiri gerðust sinnulausir um slík mál og viðhorf til lista og menningar hafi verið að breytast með auknum áhuga á veraldlegum gæðum. Menningarráðgjafi í hverjum landshluta geti orðið mikilvægur þáttur í að virkja einstaklinga á sviði menningar og

lista, miðla efni á milli héraða, skipuleggja menningarstarfsemina í samráði við heimamenn á hverjum stað og vera skólástjórn til aðstoðar við listaviðburði í skólum.

Við fjármögnun menningarráðgjafanna gerir Valgerður ráð fyrir að eyrnamerkur verði hluti þeirra 10% skemmtanaskattsins sem renna í menningarsjóð félagsheimila. - ág



Valgerður Sverrisdóttir þingmaður vill að komið verði á fót starfi menningarráðgjafa í hverjum landshluta.

Hafnarfjörður:

Heiðursborgara minnst

Þann 8. mars s.l. voru hundrað ár liðin frá fæðingu Bjarna Snæbjörnssonar læknis, fyrsta og eina heiðursborgara Hafnarfjarðar.

Af þessu tilefni hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkt að veita 400 þúsund krónur í Afmælisgjafasjóð Hafnfirðinga, sem stofnaður var á 75 ára afmæli Bjarna Snæbjörnssonar. Ennfremur hafa nokkrir af afkomendum Bjarna gefið 250 þúsund krónur í sjóðinn.

Sjóðurinn veitir móttöku framlögum einstaklinga og fyrirtækja á merkisdögum í ævi þeirra og starfi. Tilgangur hans er að styrkja hverja þá starfsemi í Hafnarfirði sem unnin er í þágu barna og unglinga undir 16 ára aldri. **SSH**

Skákþingið um páskana

Skákþing Íslands verður háð um páskana að venju. Keppni í áskorendaflokki fer fram á Akureyri og er öllum heimil þátttaka sem hafa 1800 stig og þar yfir. Tvö efstu sætin gefa rétt til þátttöku í landsliðsflokki í haust. Skráning í Reykjavík er hjá Skáksambandi Íslands og á Akureyri í síma: 26350 (Páll).

Í Reykjavík verður teft í opnum flokki. Skráning er hjá Skáksambandinu og á mótsstað, að Grensásvegi 46 við upphaf 1. umferðar.

Keppni í báðum flokkum hefst laugardaginn 18. mars n.k. kl. 14.00 og lýkur annan dag páska. Tefldar verða 9 umferðir eftir Monrad kerfi.